



Bæn / Faðir vor

Fögur er foldin,
heiður er Guðs himinn,
indæl pílagríms ævigöng.
Fram, fram um víða
veröld og gistum
í Paradís með sigursöng.

Kynslóðir koma,
kynslóðir fara,
allar sömu ævigöng.
Gleymist þó aldrei
eilífa lagið
við pílagrímsins gleðisöng.

Fjárhirðum fluttu
fyrst þann söng Guðs englar,
unaðssöng, er aldrei þver:
Friður æa foldu,
fagna þú, maður,
frelsari heimsins fæddur er.
Matthías Jochumsson

Moldun



Almennur söngur

Allt eins og blómstrið eina
upp vex á sléttri grund
fagurt með frjógvun hreina
fyrst um dags morgunstund,
á snöggu augabragði
af skorið verður fljótt,
lit og blöð niður lagði, -
líf mannlegt endar skjótt.

Ég lifí í Jesú nafni,
í Jesú nafni' eg dey,
þó heilsa' og líf mér hafni,
hræðist ég dauðann ei.
Dauði, ég óttast eigi
afl þitt né valdið gilt,
í Kristí krafti' eg segi:
Kom þú sæll, þá þú vilt.
Hallgrímur Pétursson

Blessun

Eftirspil

Ave Maria

Sigvaldi Kaldalóns

Prestur: Sr. Þóra Björg Sigurðardóttir

Organisti: Hilmar Örn Agnarsson

Söngur: Kammerkór Akraneskirky

Einsöngur: Tryggvi Þór Gíslason og Anna Hafberg

Útfararþjónusta Akraneskirky

Ástvinir þakka vinsemd og hlýhug

Jarðsett verður í

Reykholtskirkygarði, Borgarfirði



Ingibjörg Hafberg

Fædd 14. ágúst 1935
Dáin 10. desember 2021



Útför frá Akraneskirky
Þriðjudaginn 21. desember 2021

Forspil

Hin fyrstu jól

Kristján frá Djúpalek - Ingibjörg Þorbergs

Bæn

Heyr, himna smiður, Guð, heit eg á þig,
hvers skáldið biður, að græðir mig,
komi mjúk til mín minnst, mildingur, mín,
miskunmin þín. mest þurfum þín.
Því heit eg á þig, Ryð þú, röðla gramur,
þú hefur skaptan mig, ríklýndur og framur,
ég er þrællinn þinn, hölds hverri sorg
þú ert Drottinn minn. úr hjartaborg.

Gæt, mildingur, mín,
mest þurfum þín
helst hverja stund
á hölda grund.
Set, meyjjar mögur,
máls efni fögur,
öll er hjálp af þér,
í hjarta mér.

*Kolbeinn Tumason -
Þorkell Sigurbjörnsson*

Ritningarorð

Færðu mér ljósið langt og mjótt,
logann granna sem teygir sig
:: út í alheims djúpa nótt::

Veittu mér blessun, bænheyr skjótt,
birtan þín skæra fylgi mér
:: út í alheims djúpa nótt::

Auktu mér dirfsku, afl og þrótt,
ávallt sendu mér kraftinn þinní
:: út í alheims djúpa nótt::

Vertu mín stoð svo verði rótt,
veginn lýstu á minni leið
:: út í alheims djúpa nótt::
Sigurður Flosason / Aðalsteinn Ásberg



Ritningarorð

Dúett **Líttu sérhvert sólarlag**

Bragi Valdimar Skúlason

Guðspjall

Heyr mína bæn
mildasti blær,
berðu kveðju mína yfir höf,
syngdu honum saknaðarljóð.

Vanga hans blítt,
vermir þú sól
vörum mjúkum kysstu hans brá,
ástarorð, hvísla mér frá.

Syngið þið fuglar
ykkar fegursta ljóðaval,
flytjið honum í indælum óði
ástaljóð mitt.

Heyr mína bæn,
bára við strönd,
blítt þú vagga honum við barm,
þar til svefninn sígur á brá.

Draumheimi í
dveljum við þá.
daga langa, saman tvö ein.
Heyr mínar bænir og þrá.
*Mario Panzeri -
Ólafur Gaukur Þórhallsson*

Minningarorð

Megi gæfan þig geyma,
megi Guð þér færa sigurlag.
Megi sól lýsa þína leið,
megi ljós þitt skína sérhvern dag.
Og bænar bið ég þér
að ávallt geymi
þig Guð í hendi sér.

Megi englar þér unna,
megi árur bæga hættu frá.
Megi ást alltumlykja þig
megi ávallt rætast hver þín þrá.
Og bænar enn ég bið
að ávallt geymi
þig Guð sér við hlið.
Írskt lag - Bjarni Stefán Konráðsson